



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs hefur batnað mikið

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Greiðsluuppgjörin hefur nú verið birt fyrir allt árið 2015. Á síðustu árum hefur uppgjör ríkissjóðs einkennst töluvert af óreglulegum liðum og einskíptiliðum ásamt bókhaldslegum færslum sem hafa mikil áhrif á endanlega afkomu. Þótt greiðsluuppgjör endurspegli ekki rekstrarniðurstöðu að fullu gefur það þó góða mynd af raunverulegri stöðu og breytingum milli ára.

### Jákvæður tekjujöfnuður

Tekjujöfnuðurinn árið 2015 var jákvæður um 30,4 ma.kr. sem er nokkuð betri niðurstaða en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 10,4 ma.kr. milli ára en greidd gjöld lækkuðu um tæpa 20 ma.kr. séu endurgreiðslur vegna verðtryggðra húsnæðislána talin með.

Handbært fé frá rekstri minnkaði mikið milli ára. Það var jákvætt um tæpa 17 ma.kr. 2015 samanborið við u.þ.b. 81 ma.kr. 2014. Þessi mikli munur skýrist fyrst og fremst af leiðréttingunni svokölluðu sem var gjaldfærð í lok ársins 2014 og kom síðan til greiðslu í ársbyrjun 2015.


### Þróun í rétta átt

Tekjujöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um tæpa 70 ma.kr. á árinu 2010 og jákvæður um rúma 30 ma.kr. á árinu 2015. Þróunin hefur þannig færst smám saman til betri vegar. Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs hefur tekjuafgangurinn farið úr því að vera neikvæður um 15% af tekjum 2010 upp í að vera jákvæður um 4,5% af tekjum á árinu 2015. Sú þróun hefur verið nokkuð stöðug upp á við.


### Þróun tekna

Skatttekjur og tryggingagjöld eru stærstu tekjuliðir ríkissjóðs og nema tekjur af þeim um 90% af innheimtum tekjum í heild. Skattar á tekjur og hagnað voru tæplega 228 ma.kr. sem er 5,3% aukning frá fyrra ári. Þar af jókst tekjuskattur

Tekjujöfnuður ríkissjóðs



Tekjujöfnuður ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum





einstaklinga um tæp 8% milli ára. Tekjuskattur lögaðila dróst hinsvegar saman um 4,5% milli ára sem er aðallega vegna minni tekna af sérstökum fjársýsluskatti.

Eignarskattar drógust töluvert saman á milli ára, fyrst og fremst vegna niðurfellingar auðlegðarskatts 1. janúar 2015. Tekjur af stimpilgjöldum jukust um 25% frá fyrra ári sem skýrist að mestu leyti af vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði.

### Mikil aukning skatta á vöru og þjónustu

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 9,4% frá fyrra ári. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, jukust um 13,7% milli ára sem er töluvert umfram áætlaðan vöxt einkaneyslu. Þessa miklu aukningu tekna af virðisaukaskatti má m.a. rekja til aukinna umsvifa í gisti- og veitingaþjónustu vegna fjölgunar ferðamanna og aukinnar skattheimtu vegna hækkunar virðisaukaskatts í ferðaþjónustu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 41,7% frá fyrra ári sem skýrist fyrst og fremst af fjölgun á innfluttum bifreiðum.

### Útgjöld minnka milli ára

Að meðtöldum niðurgreiðslum verðtryggðra húsnæðislána lækka útgjöld ríkisins um tæp 3% milli árána 2014 og 2015. Stærstu málaflokkar útgjalda eru heilbrigðismál og almannatryggingar og velferðarmál. Hlutur þeirra nemur um 46% allra útgjalda ríkisins. Báðir þessir liðir hafa aukist töluvert á síðustu árum. Greiðslur vegna efnahags- og atvinnumála lækka á milli ára og skýrist það mest af niðurgreiðslum húsnæðislána.

### Betri staða

Heildarniðurstaðan er því sú að greiðslustaða ríkissjóðs hefur farið batnandi á síðustu árum og tekjujöfnuður batnað jafnt og þétt.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

